

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 3/2019-2020

Kærandi: Magnús Halldórsson.

Kærðir: Sigurður Már Jónsson blaðamaður og Gísli Freyr Valdórsson, ábyrgðarmaður Þjóðmála.

Kæruefni: Umfjöllun um vefmiðilinn Kjarnann í tímaritinu Þjóðmál vor 2019.

Málsmeðferð

Kæran barst framkvæmdastjóra Blaðamannafélags Íslands með tölvupósti 31. maí sem framsendi hana á siðanefnd ásamt viðhengjum, þ.e. bréfi kæranda, kærðri grein í Þjóðmálum og skjáskoti af bloggþistli kærða 29. apríl. Siðanefnd tók málið fyrir á fundi sínum 3. júlí.

Málavextir

Kærandi ritaði siðanefnd ítarlegt bréf þar sem hann tiltekur fjölmörg atriði sem hann telur ranglega farið með í téðri grein kærða í Þjóðmálum.

Umfjöllun

Kæra málsins varðar sömu grein í Þjóðmálum og úrskurður Siðanefndar í máli nr. 2/2019-2020. Með þeim úrskurði komst Siðanefnd að þeirri niðurstöðu að um væri að ræða framsetningu höfundar á skoðunum sínum, sem siðareglur tækju ekki til, sbr. síðasta málslið 5. gr. Með vísun til þess úrskurðar vísar meirihluti Siðanefndar kæru þessari frá.

Friðrik Þór Guðmundsson skilar séráliti og bókar: Í grein kærðs er ýmislegt sem ber einkenni faglegra vinnubragða en einnig ýmislegt sem ber einkenni persónulegra og/eða pólitískra viðhorfa. Ekkert kemur fram í uppsetningu/kynningu höfundar og fjölmiðilsins á efninu sem tekur af þennan vafa. En kærði hefur í tvígang lýst skrifum sem fréttaskýringu. Í nánast samhljóða kærumáli frá Þórði Snæ Júlíussyni (mál 2/19-20) ákvað meirihluti Siðanefndar að vísa því máli frá á þeim grundvelli að um viðhorfsgrein væri að ræða og án þess að leita eftir andsvörum. Minnihlutinn (FPG) vildi h.v. vegna óvissu um eðli skrifanna senda eftir andsvörum, með í huga að kærði tæki fyrir sitt leyti af allan vafa um flokkun skrifanna af hans hálfu. Að leita eftir andsvörum er ekki yfirlýsing um að kærúmál sé tækt til efnislegrar umfjöllunar og úrskurðar um brot eða ekki brot á siðareglum. Þá liggur nú fyrir að kærði hefur, í tölvuskeyti til Siðanefndar 3. júní sl., óskað eftir því „að fá afrit af kærúnum“ til að geta kynnt sér efni þeirra. Í ljósi þessa ítreka ég þá afstöðu mína að kærúna eigi að senda til kærðs til andsvara. Ég tel hins vegar rétt að vísa frá kæru á hendur Gísla Frey Valdórssyni, ritstjóra, með því að hún er óljós og vanreifuð.

Úrskurður

Máli 3/2019-2020 er vísað frá með atkvæðum fjögurra fulltrúa í siðanefnd gegn einu.


Reykjavík, 10. júlí 2019



Asgeir Þór Árnason




Hjörtur Gíslason



Björn Vignir Sigurpálsson



Nanna Teitsdóttir



Friðrik Þór Guðmundsson – með fyrirvara